

6. gr.

Stjórnarfundir.

Stjórnarfundir skulu haldnir að jafnaði mánaðarlega eða oftar þegar ástæða er til. Varamönnum er heimilt að sitja fundi stjórnar.

Stjórn er bær til þess að taka ákvarðanir ef tveir stjórnarmanna sitja fund eða varamenn í forföllum þeirra. Nú þolir ákvörðun ekki bið og ráðrúm gefst ekki til að boða til fundar og er þá heimilt að óska staðfestingar meiri hluta stjórnar utan fundar.

Fundargögn skal að jafnaði senda til stjórnarmanna a.m.k. degi fyrir stjórnarfund.

Bóka skal fundargerðir á stjórnarfundum, sem undirritaðar skulu af stjórnarmönnum. Í fundargerð skal koma fram hverjir sitja fundi, umfjöllunarefni á stjórnarfundum, ákvarðanir sem teknar eru og upplýsingar sem nauðsynlegt er að fram komi vegna ákvörðunar. Í fundargerð skal tilgreina þau gögn sem lögð eru fram á fundinum.

7. gr.

Þagnarskylda.

Þeim sem sitja stjórnarfund og þeim sem hafa aðgang að fundargögnum er óheimilt að skýra frá þeim atriðum sem þeir verða áskynja um og leynt eiga að fara. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

8. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar eru settar með stoð í 3. mgr. 5. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og öðlast gildi þegar í stað.

Samkeppniseftirlitinu, 25. júlí 2005,

Gylfi Magnússon,

formaður stjórnar Samkeppniseftirlitsins.

AUGLÝSING

um skipulag í Mosfellsbæ.

Deiliskipulag Lundar. Ferðaþjónusta Mosfellsbær.

Mosfellsbær hefur samþykkt deiliskipulag fyrir Lund í Mosfellsdal, vegna ferðaþjónustu á fundi sínum þann 22. júní sl.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir uppbyggingu á starfsemi tengdri ferðaþjónustu auk gróðurhúss, hesthúss og vélageymslu.

Skipulags- og byggingarskilmálar og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/ 1997, með síðari breytingum mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þess. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F. h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 5. ágúst 2005,

Tryggvi Jónsson
bæjarverkfræðingur.

SAMÞYKKT

um meðhöndlun úrgangs í Vestmannaeyjum.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Vestmannaeyjabær annast meðhöndlun úrgangs innan marka sveitarfélagsins.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands, í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, hefur eftirlit með framkvæmd verkefna samkvæmt þessari samþykkt. Umhverfisstofnun hefur eftirlit með brennslu og urðun úrgangs. Bæjarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd verkefna samkvæmt þessari samþykkt. Þeir aðilar sem sjá um sorphreinsun og aðra meðhöndlun úrgangs skulu hafa til þess tilskilin starfsleyfi í samræmi við reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Um meðhöndlun úrgangs fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum laga nr. 55/2003 og reglugerða nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, nr. 738/2003 um urðun úrgangs og nr. 739/2003 um brennslu úrgangs.

2. gr.

Sorphreinsun og önnur meðhöndlun úrgangs skal framkvæmd undir yfirstjórn fulltrúa sveitarfélagsins og skal hann jafnframt vera tengiliður og sjá um samskipti við þá aðila sem annast verkefni á hverjum tíma. Undir þetta ákvæði fellur ábyrgð á móttöku spilliefna og meðferð úrgangs til vinnslu t.d. garðaúrgangs, brotamálma og annars flokkaðs úrgangs í samráði við heilbrigðisnefnd Suðurlands.

3. gr.

Sérhverjum húsráðanda er skylt að nota þau sorphlát og þær aðferðir við losun úrgangs sem bæjarstjórn í samráði við heilbrigðisnefnd Suðurlands ákveður. Sorpgeymslur og söfnunarstöðvar (gámasvæði) skulu vera aðgengileg frá gatna- og/eða vegakerfi. Húsráðendur skulu halda sorphlátum hreinum og hreinsa snjó frá sorpgeymslum á vetrum og halda greiðfærri leið að þeim svo unnt sé að annast hreinsun. Garðaúrgangi, brotamálmum og öðrum endurnýtanlegum úrgangi skal komið fyrir í sérmerkta gáma eða á svæði sem sérstaklega er vísað til. Spilliefnum og öðrum hættulegum úrgangi má ekki blanda saman við annan úrgang og skal skilað í móttökustöð sveitarfélagsins. Íbúar, fyrirtæki, stofnanir og aðrir lögaðilar skulu eftir því sem kostur er á flokka úrgang og skila honum eins og aðstaða er til í sveitarfélaginu, skv. svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs. Sveitarfélagið skal, með markvissri